




Hvernig gef ég út lag?

2025

María Agnesardóttir

Tónlistarmiðstöð



Þessi aðgerðalisti var upphaflega útbúinn af Maríu Agnesardóttur (MAIAA) og hefur verið uppfærður af Tónlistarmiðstöð.

Áherslur listans ráðast af aðstæðum hverju sinni, en ferlið við útgáfu tónlistar fylgir alltaf sömu meginþrepum.



Aðgerðalisti:

Fyrir útgáfu:

- ☐ Skrá lagið hjá SFH
- ☐ Skrá lagið hjá Stef.is
- ☐ Dreifa laginu
 - ☐ Virkja bakendaaðgang að streymisveitum
- ☐ Skrifa kynningartexta
- ☐ Útbúa sjónrænt efni fyrir útgáfuna
- ☐ Sækja um lagalista hjá streymisveitum
- ☐ Fá forvistunarhlekk (e. pre-save link)
- ☐ Senda lagið á útvarpsstöðvar

Eftir útgáfu:

- ☐ Dreifa lagatexta á samfélagsmiðla og streymisveitur
- ☐ Kynna lagið
 - ☐ í gegnum samfélagsmiðla
 - ☐ í gegnum útvarp
 - ☐ í gegnum fréttamiðla
- ☐ Sækja um lagalista
- ☐ Sækja um styrki



Fyrir útgáfu

1. Skráning verks hjá SFH

SFH.IS

SFH sér um hagsmuni flytjenda og hljómplötuframleiðenda og tryggir þeim þóknun fyrir spilun tónlistar í fjölmiðlum og á opinberum stöðum eins og í verslunum, veitingahúsum og líkamsræktarstöðvum. Þess vegna er mikilvægt að útgefin verk séu skráð hjá SFH. Einnig er mikilvægt að skrá alla flytjendur lagsins hjá SFH.IS svo þeir fái greitt fyrir sína aðkomu að upptökunni. Þegar þú skráir lagið færðu ISCR-kóða sem er eins konar fótspor verksins.

Dæmi um ISRC kóða:

IS-EAA-21-02203

1. **IS** táknar heimaland framleiðendans. IS er Ísland.
2. **EAA** táknar útgáfufyrirtækið. Hvert útgáfufyrirtæki getur átt einn eða fleiri útgáfukóða til að auðkenna útgáfufyrirtækið
3. **21** táknar árið sem kóðinn er gefinn út
4. **00103** er auðkenningarnúmer hljóðritsins.

Það skal taka skýrt fram að ef einhver breyting verður á upptökunni sjálfri (t.d. endurhljóðritun eða breyting á lengd lagsins) þarf að fá nýjan ISRC kóða fyrir þá útgáfu. Þegar þú hefur fengið ISCR kóðann mælum við með að skrá hann hjá sér. Ef það gleymist er alltaf hægt að finna hann á sfh.is.



Það þarf að stofna aðgang að hljodrit.is sem er kannski sambærilegt við "mínar síður" á SFH.is.

Þegar hljóðritið hefur verið skráð á hljodrit.is og ISRC-kóðanum verið úthlutað, þá verður til skráningarskjal sem er ágætt að hafa til grundvallar í STEF-skráningunni til að gæta samræmis. Skráningarskjalið gagnast svo áfram þegar lög eru send inn í útvarp eins og t.d. á mínum síðum á RÚV og á K100 þar sem þetta eru allt upplýsingar sem þurfa að koma fram.



2. Skrá lagið hjá STEF

Stef.is

Hlutverk STEFs er að varðveita og efla höfundarétt á sviði tónlistar. Fyrir hönd höfundarrétthafa innheimtir STEF gjöld fyrir notkun tónlistar sem flutt er opinberlega.

Viðskiptavinir STEFs eru t.d. útvarps- og sjónvarpsstöðvar, tónleikahaldarar, verslanir, veitingastaðir, hárgreiðslustofur og heilsuræktarstöðvar, sem og streymisveitur eins og Spotify, YouTube o.fl.

Mikilvægt er að skrá verkið sem fyrst eftir að það kemur út. Þar skráir þú einnig eignarhlutfallið og hvernig það skiptist milli þeirra sem komu að því.

Dæmi frá Maríu Agnesardóttur // MAIAA

Höfundur nr.	Höfundur	Tegund höfundar	Hlutfall %	
21153	María Agnesardóttir	Tónskáld og textahöfundur	50	 
21062	Dagbjartur Daði Jónsson	Tónskáld og textahöfundur	50	 

*Verkskráning á sér stað á Mínum síðum meðlima STEFs. Í gegnum Mínar síður er einnig hægt að skrá lagalista (e. set list) vegna lifandi flutnings.



Það fer eftir hverju og einu verki hvernig höfundarréttinum er skipt en STEF er með viðmið til stuðnings:

	Tónskáld	Textahöf.	Útsetjari
Tónverk án texta	100%	–	–
Tónverk og texti, samið samtímis*	50%	50%	–
Tónverk samið við eldri texta	6,667%	3,333%	–
Tónverk samið við eldri texta, ef texti er ekki í vernd	6,667%	–	–
Texti er saminn við eldra tónverk	50%	50%	–
Texti saminn við eldra tónverk, ef tónverk er ekki í vernd	–	50%	–

Finna má viðmið um skiptingu höfundarréttar þegar kemur að útsettum og samsettum verkum inn á vefsíðu STEFs undir „Gagnlegar upplýsingar fyrir höfunda um hitt og þetta“ og „Skipting höfundaréttar“ ásamt öðrum gagnlegum upplýsingum.



3. Dreifing

Til að koma laginu á allar helstu streymisveitur er í flestum tilfellum best að leita til dreifingaraðila og hægt er að gera það í gegnum þó nokkur fyrirtæki.

Það eru tvö dreifingarfyrirtæki starfandi á Íslandi:

- [Vetur Music](#)
- [Dreifir](#)

Vinsælustu erlendu dreifingarfyrirtækin eru:

- [Distrokid](#)
- [CD baby](#)
- [TuneCore](#)

Öll dreifingarfyrirtæki eru í grunninn svipuð en eru þó flest með ólík greiðslumódel. Sum dreifingarfyrirtæki rukka beint gjald, önnur áskrift og enn önnur taka hlutfall af útgáfutekjum. Það er almennt auðveldara að komast í samband og fá stuðning frá íslensku fyrirtækjunum þar sem stærri fyrirtækin eru að þjónusta margfalt stærri kúnnahóp.



3.1. Virkja bakendaaðgang að streymisveitum

Flest allar streymisveitur bjóða listafólki og útgefendum upp á einhvers konar stjórnborð þar sem hægt er að fá aðgang að tölfraði, stillingum og öðrum verkfærum sem veita útgefendum töl til að rýna í útgáfuna og styðja þá við áframhaldandi markaðssetningu. Hér verður tekið dæmi um hvernig þetta virkar fyrir Spotify, en ferlið er meira og minna það sama fyrir aðrar streymisveitur.

Skref til að virkja Spotify for Artists:

1. Farðu á Spotify for Artists - artists.spotify.com
2. Skráðu þig inn / búðu til reikning
3. Smelltu á „Claim Your Profile“ eða „Get Access“ og leitaðu að listamannanafninu þínu.
4. Staðfestu að þú eigir prófílinn. Ef þú gefur tónlist út í gegnum dreifingaraðila (t.d. DistroKid, dreifir, CD Baby) sjá þeir iðulega um þetta skref fyrir þig. Ef ekki, þarftu að veita upplýsingar (t.d. samfélagsmiðla eða opinbera vefsíðu) til að sýna að þú sért raunverulegur eigandi prófílsins.
5. Bíddu eftir samþykki. Spotify þarf að yfirfara umsóknina þína sem getur tekið nokkra daga. Þau munu svo senda þér staðfestingu í tölvupósti.

Af hverju að virkja Spotify for Artists?

- Sérsníða listamannasíðuna – Bæta við prófílmýnd, kynningartexta (e. bio) og Spotify Canvas (meira um þetta í 5. og 6. skrefi).
- Fá aðgang að tölfraði – Þ.á.m upplýsingar um fjölda og staðsetningu hlustenda og á hvaða lagalistum tónlistin þín er.
- Fá lög inn á lagalista Spotify – Auka líkurnar á að fá lagið þitt á opinbera lagalista (meira um þetta í 7. skrefi).
- Stjórna markaðssetningu – Fá innsýn í árangur lagsins og sjá hvar best er að einbeita sér í markaðssetningu.



4. Skrifa kynningartexta

Kynningartexti er oft fyrsti snertiflötur hlustenda við listafólk og því gríðarlega mikilvægur. Hann er notaður í fréttatilkynningar, til að kynna tónlist á samfélagsmiðlum og streymisveitum, til að koma tónlist inn á lagalista og í spilun hjá útvarpsstöðvum. Góður kynningartexti er stuttur, hnitmiðaður og sérsniðinn listamanninum. Hann segir einhverja sögu, vekur forvitni lesandans og fær hann vonandi til að hlusta.

Hérna eru tvö dæmi um stutta og hnitmiðaða texta:

Í dag kemur út þriðja smáskífan af væntanlegri plötu RAKEL-ar, a place to be. Lagið pickled peaches er samið í samvinnu við Nönnu úr Of Monsters and Men og Salóme Katrínu en í laginu má einnig heyra bassaleikarann og tónskáldið Skúla Sverrisson auk annarra góðra gesta.

pickled peaches var samið í sumarbústaðarferð fullri af mat, hlátri og tónlist, en í því fléttast saman raddir þeirra þriggja svo nánast ómögulegt er að greina á milli. Hljóðheimurinn er mjúkur og náinn; í bakgrunni heyrir braka í sumarbústaðargólfinu og suða í rafmagninu en allt verður þetta hluti af augnablikinu sem fangað var í upptökunni.

RAKEL

Known for playful, genre-defying electronic music that merges club culture with pop sensibilities, knackered has been a fixture of Iceland's scene since 2015 and is one of Iceland's most exciting new exports, earning a nomination as One to Watch at the 2025 Reykjavík Grapevine Music Awards. In the past year, knackered has been handpicked by Björk to perform at her Full Moon Night series, headlined Iceland's largest rave Smekkbuxur, and toured in Poland.

knackered



Hér eru nokkrar spurningar sem þú getur svarað til að móta þinn eigin texta:

- Hver ert þú sem tónlistarmaður/kona/kvár?
- Af hverju ætti fólk að hlusta á þig?
- Hvaða stendur upp úr í tónlistarferlinum þínum hingað til?
- Hvernig myndir þú lýsa þínum tónlistarstíl?
- Hverjir eru áhrifavaldar þínir í tónlist?
- Hver eru helstu einkenni í textum þínum og/eða hljóðheimi?
- Hvaða skilaboðum viltu koma á framfæri með tónlistinni þinni?



5. Sjónrænt efni fyrir útgáfuna

Þegar kemur að útgáfu laga er mikilvægt að skapa sjónrænan heim í kringum verkið, plötuumslag, myndir á streymisveitum og annars konar myndefni. Sterkt útlit gerir manni kleift að skera sig úr og leiðir hlustendur inn í heim verksins áður en þeir hefja hlustun. Gott er að hugsa um sjónrænt efni sem tækifæri til að útskýra listina enn frekar.

Það er mismunandi eftir listafólki hversu auðveldlega það á með þennan þátt svo hér eru nokkur ráð:

- Ef þið viljið skapa myndefnið ykkar sjálf mælum við með [Canva](#). Canva er einfalt og skilvirk hönnunarforrit sem er gott að prófa sig áfram með.
- Það er alltaf gott að bjalla í vin eða ráða einhvern til að taka myndir eða búa til myndefni ef þið treystið ykkur ekki í að gera það sjálf eða til að einfalda ykkur verkið.
- Það þykir fráhrindandi fyrir marga að sjá myndefni sem er skapað af gervigreind og mælum við gegn því þegar kemur að útliti verkefnis.



6. Sækja um lagalista hjá streymisveitum

Streymisveitur halda flestar úti ritstýrðum (e. editorial) lagalistum sem hægt er að sækja um að komast á. Þessir lagalista geta verið mikilvægir hliðverðir þar sem algóritminn horfir til þeirra þegar hann ákveður hverju skal mælt með. Hér fjöllum við stuttlega um hvernig sótt er um sæti á ritstýrðum lagalistum Spotify, en ferlið er mjög svipað hjá öðrum streymisveitum.

Sótt er um sæti á ritstýrðum lagalistum Spotify í gegnum Spotify for Artists appið:

Ýtir á →  → upcoming → velur lagið og fyllir út umsóknina.

Samkvæmt Spotify er mikilvægt að sækja um lagalista a.m.k. sjö dögum fyrir útgáfu.

Gott er að hafa í huga að margir af þessum lagalistum eru búnir til af gervigreind og því er gott að setja lykilorð í kynningartextann sem algóritminn leitar eftir svo sem nöfn annarra þekktra listamanna, tónlistarstefnur, tilfinningu lagsins o.s.frv.



7. Fá forvistunarhlekk (e. pre-save link)

Forvistunarhlekkur leyfir hlustendum að vista lagið í safnið þeirra (e. library) fyrir útgáfu á streymisveitum þannig að lagið bætist sjálfkrafa við safnið þeirra eða lagalista.

Af hverju er forvistun mikilvæg?

1. Eykur fyrstu spilarnir og bætir sýnileika strax frá fyrsta degi – Ef laginu gengur vel strax frá fyrsta degi eykur það líkurnar á því að það komist inn á lagalista.
2. Byggir upp spennu og kynningu – Forvistun getur reynst árangursríkt markaðssetningartól fyrir útgáfu.
3. Gefur innsýn í hlustendahópinn – Þú sérð hversu margir hafa vistað lagið og hvar þau eru stödd, sem nýtist vel við frekari markaðssetningu.

Gefur innsýn í áhorfendahópinn – Þú sérð hversu margir hafa vistað lagið og hvaðan þeir koma, sem hjálpar til við frekari markaðssetningu.

Hvernig fær maður forvistunarhlekk?

Ef þú gefur út tónlist í gegnum dreifingaraðila eins og DistroKid, TuneCore, CD Baby eða Dreifir, þá bjóða þeir oft upp á forvistunarhlekki. Ef forvistunarhlekkur er ekki aðgengilegur er alltaf hægt að heyra í þeim og biðja um slíkan.



8. Senda lagið á útvarpsstöðvar


Til að lagið þitt verði spilað í útvarpi þarf að senda lagið á útvarpsstöðvarnar. Hérna getur þú nýtt kynningartextann sem þú skrifaðir í 5. skrefi. Til allrar lukku er auðvelt og aðgengilegt að senda inn lög á útvarpsstöðvar hérlandis.

Hlekkir fyrir innsendingu laga á eftirtöldum útvarpsstöðvum:

- [Fm957](#)
- [Bylgjan](#)
- [Rás 2 og Rúv](#)
- [K100](#)
- [X977](#)



Eftir útgáfu



9. Dreifa lagatexta á samfélagsmiðla og streymisveitur

Musixmatch.com

Til að lagatextar verði aðgengilegir á streymisveitum og samfélagsmiðlum þarf að skrá þá í gegnum lagatextaþjónustu, til dæmis Musixmatch.

Hvernig set ég lagatexta inn á streymisveitur og samfélagsmiðla?

1. Búðu til aðgang hjá lagatextaþjónustu eins og Musixmatch.
2. Staðfestu tengingu við streymisreikningana þína (t.d. Spotify for Artists, Apple Music for Artists). Það getur tekið nokkra daga að fá staðfestingu á þessu.
3. Skráðu inn textann þegar lagið fer í dreifingu eða samdægurs útgáfu.

Bíddu í nokkra daga – textinn birtist sjálfkrafa á streymisveitum og samfélagsmiðlum.



10. Kynning og miðlun

Það er hægt að kynna lag með ýmsum aðferðum, til dæmis í gegnum viðtöl í útvarpi, fréttamiðla, samfélagsmiðla o.s.frv. Þarna kemur kynningartextinn sem var skrifaður í skrefi 5 aftur að góðum notum.

10. 1. Samfélagsmiðlar

Í stafrænu umhverfi tónlistarinnar er ráðlagt að kynna útgáfur vel á samfélagsmiðlum, svo sem:

- Tiktok
- Instagram
- Facebook
- Youtube

Það er mismunandi eftir hverri útgáfu og miðli hvernig best er að haga kynningarherferð á samfélagsmiðlum en gott ráð er að fá innblástur frá því hvað annað listafólk er að gera.

Gott er að vera með tilbúið efni áður en lagið kemur út svo hægt sé að nota það strax frá útgáfu til að pósta á samfélagsmiðla.



10.1.1. Hvítlistun (e. Whitelist)

Ef þú vilt kynna lagið á samfélagsmiðlum áður en það kemur út þarf að hvítlista það. Ef lagið er ekki hvítlistað verður slíkt efni að öllum líkindum fjarlægt. Þegar lag er hvítlistað þýðir það að notendur tiltekinna samfélagsmiðla hafa heimild til að nota lagið í sínu efni (t.d. á TikTok og Instagram Reels) án þess að það verði fjarlægt eða takmarkað vegna höfundarverndar.

Hvernig hvítlistar maður útgáfu:

- DistroKid, CD Baby o.fl. – þú getur hvítlistað beint í þínum aðgangi.
- Dreifir – sendu þeim tölvupóst og biddu um hvítlistun fyrir samfélagsmiðla, t.d. tveimur vikum fyrir útgáfu.



10. 2. Fréttamiðlar og útvarpsstöðvar

„Þegar ég gaf út mitt fyrsta lag þekkti ég auðvitað enga blaðamenn. Hinsvegar fór ég bara á vísi.is, mbl.is og ruv.is og fann blaðamenn sem skrifuðu mest um tónlistarfólk og þeirra útgáfur. Sendi þeim tölvupóst þar sem ég kynnti mig og gerði hálfgerða frétt sem þau gátu síðan birt. Þetta er sniðugt til að kynna sig fyrir almenningi og gerir þig sýnilegri sem tónlistarmann.“ - **María Agnesardóttir // MAIAA**

Skref fyrir skref

1. Finna blaðamann eða útvarpsfólk sem fjallar um svipað efni og þú ert að kynna.
2. Búa til fréttatilkynningu
3. Senda fréttatilkynninguna á blaðamanninn/útvarpsfólkið ásamt hnitmiðuðum kynningartexta
4. Minna á þig ef þú færð ekkert svar
5. Deila umfjölluninni þegar hún kemur út

Fjölmiðlafólk er alltaf að leita að einhverju til að fjalla um svo það sakar aldrei að senda á þau. Fjölmiðlafólk fær fjölda tölvupósta á dag svo það er um að gera að reyna að standa upp úr með áhugaverðu efni og hnitmiðuðum texta. Stundum fer það einfaldlega eftir aðstæðum hvort þau nái að fjalla um þig, svo ekki örvænta ef þau svara þér ekki eða birta ekki fréttinni, haltu áfram að senda!

„Að redda viðtölum hjá útvarpsstöðvum getur verið gott fyrir tengslanetið og til að kynna sig betur fyrir almenningi. Ég sendi tölvupósta á allar útvarpsstöðvar landsins þegar ég gaf út mitt fyrsta lag og fékk viðtal hjá FM957, k100 og Bylgjunni. sakar aldrei að reyna!“ - **María Agnesardóttir // MAIAA**



11. Sækja um lagalista

Það getur verið mjög verðmætt fyrir lag að rata inn á lagalista, þar sem það eykur líkurnar á að ná til nýrra hlustenda. Hins vegar þarf að fara varlega í umsóknir um lagalista, því margir þeirra eru reknir af bottum og dæmi eru um að tónlist listafólks hafi verið tekin niður vegna gruns um gervispilanir.

Hér eru tveir áreiðanlegir lagalista sem við mælum með að sækja um:

1. Tónlistarmiðstöð heldur úti 15 lagalistum undir formerkjum Iceland Music á Spotify sem spanna helstu tegundir tónlistar sem gefin er út hér á landi og telja fylgjendur þeirra nú samanlagt yfir 35.000. Til að komast á lagalista hjá Tónlistarmiðstöð þarf að senda Spotify hlekk af laginu á tölvupóstfangið playlists@icelandmusic.is daginn sem lagið kemur út. Starfsfólk Tónlistarmiðstöðvar hittist vikulega á lagalista fundi þar sem farið er yfir aðsendar nýjar útgáfur og þeim fundinn staður á viðeigandi lagalista.

2. Nýleg íslensk tónlist. Til að komast inn á Nýleg íslensk tónlist lagalista þarf að birta færslu á samnefnda [FB síðu](#). Það er bara eitt lag á hvern flytjanda og ekkert eldra en fjögurra mánaða.

Þið ættuð að sjá það á Spotify for Artists þegar lag kemst á lagalista. Við hvetjum ykkur eindregið til að deila lagalistanum á ykkar eigin samfélagsmiðlum þar sem það styður við vöxt lagalistans og þar með aukast spilanir.



12. Sækja um styrki

Á vef Tónlistarmiðstöðvar má finna upplýsingar um Tónlistarsjóð, umsóknarferlið og [yfirlit yfir fleiri styrki og sjóði](#) sem tónlistarfólk og aðrir starfandi í tónlistargeiranum geta sótt um.



